

ÚtgefandiLæknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur**Ritstjórn**Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Gottfreðsson
Sigurbergur Kárason
Tómas Guðbjartsson
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir**Tölfræðilegur ráðgjafi**

Thor Aspelund

RitstjórnarfulltrúiVédís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is**Blaðamaður og ljósmyndari**Hávar Sigurjónsson
í leyfi**Auglýsingastjóri og ritari**Sigdís Póra Sigþórsdóttir
sigdis@lis.is**Umbrot**Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is**Upplag**

1800

Prentun, bókband og pökkunPrenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi**Áskrift**12.900,- m. vsk.
Lausasala
1290,- m. vsk.**© Læknablaðið**

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Heiðursmálþing

Málþing var haldið í Hringstal Landspítala um miðjan september. Samstarfsmenn og lærisveinar Guðmundar Þorgeirssonar prófessors í lyflæknisfræði komu þá saman til að heiðra

hann við starfslok, votta honum aðdáun og samfagna. Kári Stefánsson, Mark Anderson, Magnús Karl Magnússon og Einar S. Björnsson leiddu dagskrána með ávörpum og fóru í gegnum feril Guðmundar. Davíð O. Arnar og Karl Andersen stýrðu samkomunni. Guðmundur hefur alið upp öflugan sveit lyflækna á spítalanum og stýrt fjölmörgum rannsóknum stórum og smáum. *Læknablaðið* á honum margt gott upp að inna og sendir kveðju á þessum tímamótum. -VS



LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Málverk **Guðnýjar Kristmannsdóttur** (f. 1965) sem er á forsiðu blaðsins er í raun flennistórt, eða yfir þrjú metrar á breidd og tveir á hæð. Andspænis því stendur maður frammi fyrir óreiðu ýktrar pensilskriftar, blæbrigðaríkrar áferðar og glannalegrar litagleði. Séð úr mikilli fjarlægð eða samþjappað á ljósmynd kemur einhvers konar vera í ljós.

Heiti verksins vísar til þeirrar veru: **Peacock, Self-Portrait with Strap on Dildo**. Málverkið sem er frá 2014

samanstendur af olíulit og blandaðri tækni og uppistaðan er viðarflekar. Guðný hleður verk sín gjarnan kynferðislegri skírskotun þar sem leikur, húmor og sköpunargleði ráða för. Hún hrífst af hugmyndum súrrealistanna sem höfðuðu ásköpuðum gildum hins borgaralega samfélags og leituðu óheftrar tengingar við undirmeðvitundina þar sem draumar, vonir og þrjár fengu útrás í frjálsum leik. Hún hefur sagt að margar hugmyndir kvikni í draumi, hún taki þeim iðulega fagnandi og reyni að miðla í verkum sínum. Myndefnið sprettur úr náttúrunni í bland við kunnuglegar vísanir sem tengjast munúð og erótík. Þáfluglinn er kunnur af fjaðraskrauti sínu sem hefur hlutverki að gegna í æxlunarferli tegundarinnar, en karlfluglinn skartar því og reyn-



ir að hrífa með því kvenfugla. Guðný karlgerir sjálfsmýnd sína ekki aðeins með þeirri vísun heldur ennfremur með því að bæta áföstum gervilim við heildarmyndina. Þannig snýr hún upp á staðlaðar ímyndir kynjanna með óvenjulegum og nokkuð gamansömum hætti. Í öðrum verkum sínum vísar hún einnig til dýra, til dæmis kanína og fiðrilda, sem oft eru notuð sem kynferðislegar táknmyndir. Guðný sýnir þessi klisjukenndu viðfangsefni á persónulegan hátt í verkum sínum. Hún ummyndar þau og afmyndar með fjölbreyttu handbragði sem fer á milli óreiðu og nákvæmni. Hið munúðarfulla og náttúrulega er jafnframt framandgert með vísun í hið óhugnanlega og mann-

gerða án þess þó að í þeirri framsetningu felist dómur um rétt eða rangt, gott eða slæmt. Guðný fagnar nautninni sam falin er í frjóvgunarferlinu, hvort heldur það á við í erótískum leikjum og kynlífi mannfólksins eða sköpunargleði listamanna.

Markús Þór Andrésson